



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Aðalskrifstofa  
Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

Alþingi  
Umhverfis- og samgöngunefnd

Austurstræti 8 - 10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. október 2015  
MÍ201510-0028/ 6.10 / K.H.S.

### **Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013**

Minjastofnun Íslands hefur borist til umsagnar *Frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013, með síðari breytingum (varúðarregla, almannaréttur, sérstök vernd, framandi tegundir o.fl.) –Þingskjal 140 -140 mál.*

Stofnunin gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

**Í 13. gr. 2. mgr.** er fjallað um ýmsa sem hafa leyfi til að aka utan vega, ef nauðsyn krefur. Starfsmenn Minjastofnunar Íslands þurfa að aka utan vega til þess að sinna störfum sínum, svo sem fornleifum sem stofnunin hefur umsjón með. Í sumum tilfellum þarf að merkja minjar og flytja viðeigandi staura og skilti á staðina, og er ekki hægt að ganga með þetta langar vegalengdir. Minjastofnun óskar því eftir að þarna verði færð inn heimild fyrir hana til að utanvega aksturs ef nauðsyn krefur. Það er tillaga stofnunarinnar að bæta því inn: *eftirlitsstofnun með minjum* ( og væntanlega einnig náttúru). Það er ekki nóg að færa þarna inn aðila sem stunda rannsóknir eins og er í frumvarpinu. Fornleifafræðingar landsins stunda rannsóknir en Minjastofnun er eftirlitsstofnun með rannsóknnum þeirra og minjum og þarf að komast á staðina.

**Í 14. gr. 2. mgr.** þar sem fjallað er um skrá yfir vegi í náttúru Íslands er vísað í ýmsa aðila sem sveitafélög skulu hafa samráð við vegna gerðar slíkrar skrár. Þar eru ýmsir nefndir en Minjastofnun Íslands hefur gleymst. Minjastofnun fer með ákvarðanavald og stjórnábyrgð þjóðleiða og gamalla vega, og varða, yfir 100 ára, þannig að það er mikilvægt að haft sé samráð við stofnunina við gerð umræddra skráa.

**Í 14. gr. 3. mgr.** þar sem fjallað er um mat á hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá, þá gleymist að taka með hvort *hætta sé á spjöllum á minjum*. Gamlir vegir geta verið friðaðir skv. lögum nr. 80/2012 og því er nauðsynlegt að nefna minjar hér sérstaklega auk náttúru. Hafa ber í huga að nauðsynlegt er að athuga einnig hvort einhverjir veganna eru gamlar þjóðleiðir sem falla undir fyrrgreind lög og er þ.a.l. óheimilt að aka eftir.

Kristín Huld  
Sigurðardóttir  
Forstöðumaður  
[kristinhuld@minjastofnun.is](mailto:kristinhuld@minjastofnun.is)

Í 25. gr. er rætt um friðlýsingar á landsvæðum til verndar vistkerfum og búsvæðum ásamt þeim menningarlegum gildum sem tengjast þeim.....*Hér þyrfti að færa inn að leita skuli umsagnar Minjastofnunar Íslands í slíkum tilfellum*, þar sem um búsvæði og menningarminjar er væntanlega að ræða hér og friðlýsing þess fellur undir stjórnslu Minjastofnunar Íslands skv. lögum nr. 80/2012.

Virðingarfyllst,



Kristín Huld Sigurðardóttir  
Forstöðumaður